

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs E. Rafnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ólafs E. Rafnssonar og starfar eftir lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn er stofnaður í minningu Ólafs E. Rafnssonar sem var fæddur 7. apríl 1963 og dáinn 19. júní 2013. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang sjóðsins er í Kópavogsbæ.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla íþróttastarf í landinu með því að efla þekkingu og frumkvöðla-starfsemi í íþróttahreyfingunni og styrkja íþróttaiðkendur á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

4. gr.

Stofnandi sjóðsins er Gerður Guðjónsdóttir, kt. 240763-7619.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 8.974.977. Óskerðanlegt stofnfé er kr. 1.000.000. Sjóðinn skal ávaxta í skráðum skuldabréfum, skráðum hlutabréfum, verðbréfasjóðum og/eða innlánsreikningum. Stjórn sjóðsins fer með fjárreiður hans sem og umsýslu hans. Stofnfé sjóðsins skerðist með hliðsjón af framlögum úr sjóðnum.

6. gr.

Tekjur sjóðsins verða vegna ávöxtunar eigna og frjálsra framlaga.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabilið er þó frá staðfestingu skipulags-skrár sjóðsins til næstu áramóta þar á eftir.

Reikningar sjóðsins skulu áritaðir af endurskoðanda/skoðunarmanni sem stjórn sjóðsins velur.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð á hverjum tíma þremur einstaklingum en meirihluti stjórnarinnar tekur ákvarðanir hennar hverju sinni. Stjórnin er skipuð til fimm ára í senn en stofnandi sjóðsins tilnefnir fyrstu stjórn en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok hver kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Stjórnar-meðlimir þiggja ekki þóknun fyrir störf sín.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir hans hönd.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundar-gerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar, en hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn. Stjórnin fundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

10. gr.

Miða skal við að úthlutað sé úr sjóðnum á fæðingardeggi Ólafs, 7. apríl ár hvert. Umsóknum um styrki ásamt greinargerðum skal skilað til stjórnar.

11. gr.

Til að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður þarf samþykki meirihluta stjórnar. Slíka ákvörðun skal svo bera undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið í þágu barna- og unglingsstarfs körfuknattleiksdeildar Knattspyrnufélagsins Hauka, kt. 600169-0419.

12. gr.

Skipulagsskrá þessa skal leggja fyrir sýslumanninn á Norðurlandi vestra til staðfestingar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. desember 2024,

Jakob Andri Þórarinsson.

Auður Steingrímsdóttir.